



Forsætisráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 231/2022

Reykjavík 12. desember 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um áform um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ellen Calmon,
framkvæmdastýra

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um áform um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna því heilshugar að til standi að hefja vinnu við að setja á stofn sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun á Íslandi.

Íslenska ríkið hefur endurtekið fengið athugasemdir frá eftirlitsstofnunum mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna, m.a. Barnaréttarnefndinni vegna þeirrar stöðu að hér hefur slík stofnun ekki verið sett á stofn með formlegum hætti. Í almennum athugasemdum Barnaréttarnefndarinnar nr. 2 frá árinu 2003 var sérstaklega fjallað um mikilvægi innlendra mannréttindastofnana og hlutverk þeirra fyrir mannréttindi barna, sjá: [Treaty bodies Download \(ohchr.org\)](http://www.ohchr.org/Treaty_bodies_Download). Voru athugasemdir þessar ítrekaðar í lokaathugasemdum Barnaréttarnefndarinnar vegna 5. og 6. skýrslu Íslands, sem birtar voru í júní sl.

Börn hafi sjálfstæðan rétt til að kvarta

Mikilvægt er að tryggja börnum rétt til að kvarta um brot á réttindum sínum til innlendar mannréttindastofnunar og að þeim verði auðveldað eins og kostur er að senda inn kvartanir sínar, krefjast úrbóta og þess að brotum gegn þeim verði hætt. Gera verður því ráð fyrir kvörtunarrétti barna til hinnar nýju mannréttindastofnunar, í frumvarpi til laga um stofnun hennar.

Í áður nefndum lokaathugasemdum Barnaréttarnefndarinnar var íslenska ríkið hvatt til að tryggja nægilegt fjármagn til að börnum yrði gert kleift að beita rétti sínum til að kvarta undan brotum gegn sér um réttindi Barnasáttmálans. Í því samhengi vilja Barnaheilla hvetja stjórnvöld til að tryggja stofnun og rekstri mannréttindastofnunar nægilegt fjármagn og mannafla til að hún geti sinnt verkefnum sínum með fullnægjandi hætti og jafnframt að sjálfstæði hennar verði tryggt í raun. Samtökin telja tillögu um þrjú stöðugildi allt of lítið og hvetja stjórnvöld til að bæta þar úr.

Barnaheill telja enn fremur afar brýnt að Ísland fullgildi hið allra fyrsta þriðju valfrjálsu bókun Barnasáttmálans um kvörtunarleið fyrir börn til Barnaréttarnefndarinnar.

Reynsla og þekking Mannréttindaskrifstofu Íslands verði nýtt

Mannréttindaskrifstofa Íslands er rekin af frjálsum félagasamtökum, m.a. Barnaheillum, en hún hefur að hluta til gegnt hlutverki innlendar mannréttindastofnunar og með stuðningi frá íslenska ríkinu. Ljóst er að heilmikil þekking og reynsla hefur byggst þar upp sem nauðsynlegt verður að nýta við uppbyggingu nýrrar mannréttindastofnunar. Barnaheill taka því undir umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um málið.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin eru boðin og búin að taka þátt í áframhaldandi samráði við undirbúning að frumvarpi um innlenda óháða mannréttindastofnun.